



RÍKISENDURSKOÐUN

Skúlagötu 57, 105 Reykjavík IS-Iceland.

	Dagsetning	Tilvísun
Heilbrigðisráðuneytið b.t. ráðuneytisstjóra Vegmúla 3 150 Reykjavík	26. október 2009	H-366 LÖ/bb

Með bréfi dags. 16. október sl. til ríkissaksóknara spurðist Ríkisendurskoðun fyrir um hvort embætti hans hygðist aðhafast frekar í lögreglumáli nr. 028-209-488, sem lögreglustjórinn á Eskifirði felldi niður með bréfi til kærða, Hannesar Sigmarssonar, yfirlæknis á HSA hinn 30. september sl. Fyrirspurninni fylgdi minnisblað starfsmanna Ríkisendurskoðunar um niðurstöðu lögreglustjórans auk nokkurra annarra gagna er málið varða. Í þessu efni hafði Ríkisendurskoðun einkum til hliðsjónar ákvæði 21. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 og niðurlag bréfs ríkissaksóknara frá 17. apríl til lögmanns HSA, en þar sagði að rannsókn málsins yrði tekin upp á ný komi fram ný gögn, sbr. viðbrögð hans við bréfi Ríkisendurskoðunar frá 12. júní sl.

Hinn 21. þ.m., barst stofnuninni svar frá ríkissaksóknara við ofangreindri fyrirspurn, sbr. hjálagt ljósrit. Í niðurlagi bréfsins vekur hann athygli á því að lögreglustjórinn telji rannsókn málsins lokið og það sem fram hafi komið sé að hans mati ekki nægilegt eða líklegt til sakfellis. Þá bendir hann á að ákvörðun lögreglustjórans sé stjórnvaldsákvörðun sem sé kæránleg til ríkissaksóknara skv. 147. gr. laga nr. 88/2008 eins og fram kemur í niðurlagi hennar. Þar sem hann lítur réttilega svo á að fyrirspurnin sé ekki kæra þá telur hann sér ekki fært að svara henni. Með vísan til þessa telur Ríkisendurskoðun að líta verði svo á að ríkissaksóknari muni ekki að sjálfsdáðum hafa frekari afskipti af málinu.

Eins og ráðuneytinu er kunnugt þá má rekja upphaf málsins til kæru HSA í byrjun ársins á hendur Hannesi Sigmarssyni yfirlækni stofnunarinnar til lögreglustjórans á Eskifirði vegna gruns um að hann hefði gerst sekur um fjárdrátt með rangri reikningagerð. Í mars sl. ákvað lögreglustjórinn að fella málið niður og kærði HSA þá ákvörðun til ríkissaksóknara sem komst að þeirri niðurstöðu að ekki væri tilefni til að halda áfram rannsókn. Ríkissaksóknari taldi engu að síður að skilagreinar vegna gjaldskrárverka yfirlæknisins til HSA á tímabilinu desember 2007 til desember 2008, sem unnar voru af læknaritara hafi verið rangar. Af þessum sökum hafi greiðslur til kærða á umræddu tímabili verið tæplega 1,3 m.kr. of háar. Ekki hafi þó verið hægt að sýna fram á ásetning til auðgunar. HSA taldi hins vegar að ríkissaksóknari hefði horft framhjá hinu meginatriði kærunnar, þ.e.a.s. vinnubrögðum yfirlæknisins sjálfs við kóðun á gjaldskrárverkum sínum á tímabilinu 16. desember 2008 til 15. janúar 2009.

Í ljósi framangreinds ákvað Ríkisendurskoðun sl. vor, í samræmi við lögbundið endurskoðunar- og eftirlitshlutverk sitt, og að höfðu samráði við ráðuneytið að gera úttekt á greiðslum til viðkomandi yfirlæknis skv. gjaldskrá heilsugæslulækna. Náði hún til tveggja

u.þ.b. mánaðarlangra tímabila á árunum 2007 til 2009 og byggði á mjög ítarlegri greiningu gagna sem lágu að baki reikningagerð yfirlæknisins til HSA á hinum afmörkuðu tímabilum. Niðurstöður gáfu ótvírætt til kynna að honum hafi verið eða mátt vera ljóst að hann ofkrafði HSA um þóknun fyrir vinnu sína í a.m.k. 26 tilvikum á þeim afmörkuðu tímabilum sem til skoðunar voru.

Í kjölfarið óskaði Ríkisendurskoðun í samráði við ráðuneytið og HSA eftir því að ríkissaksóknari tæki málið að nýju til rannsóknar. Þrátt fyrir framkomnar athugasemdir um hugsanlegt vanhæfi lögreglustjórans til að rannsaka málið vísaði hann því til lögreglustjórans á Eskifirði sem, eins og áður sagði, ákvað nýverið að fella það niður öðru sinni. Ákvörðunin byggir á því mati lögreglustjórans að erfitt sé að sanna að ásetningur um auðgunarbrot hafi buið að baki í meginþorra rannsóknartilvika, þó fyrir liggi að færslur hins kærða á sjúkraskrá hafi verið ábótavant og beiting reikninga með þeim hætti að grunur hafi vaknað um misferli.

Svo sem að framan segir liggur fyrir að ríkissaksóknari muni ekki taka málið upp nema embætti hans berist formleg kæra. Af þessu tilefni bendir Ríkisendurskoðun á að það er fyrst og fremst á ábyrgð forstöðumanna heilbrigðisstofnana, heilbrigðisráðuneytisins og Landlæknis að hafa eftirlit með og fylgja því eftir að heilbrigðisstarfsmenn virði starfsskyldur sínar. Það er einnig á ábyrgð þessara aðila að taka á hvers kyns brotum á starfsskyldum þeirra hvort sem þau varða við hegningarlög, starfsmannalög eða heilbrigðislöggjöfina.

Í ljósi þeirra alvarlegu brotalama, sem ekki verður deilt um að hafi verið á lögboðinni færslu umrædds yfirlæknis á sjúkraskrá og reikningagerð hans á hendur ríkinu, og þeirra almennu hagsmuna, sem í húfi er í tengslum við þessa framkvæmd hvetur Ríkisendurskoðun ráðuneytið til þess að ganga rækilega úr skugga um hvaða úrræðum viðeigandi sé að beita í þessu máli. Ríkisendurskoðun mun á hinn bóginn ekki hafa frekari afskipti af málinu að svo stöddu.

Sunnur Þórn

Láinn Ögm.